

SÉRKJARASAMNINGUR

milli

Drifanda stéttarfélags Vestmannaeyjum og Verkalýðsfélags Þórshafnar

og

Samtaka atvinnulífsins

vegna starfsmanna í fiskmjölsverksmiðjum

1. gr.

Kjarasamningur þessi gildir um störf starfsmanna í fiskmjölsverksmiðjum á félagssvæði Drifanda stéttarfélags og Verkalýðsfélags Þórshafnar Samningurinn gildir frá 1. apríl 2019 til 15. maí 2025.

Um atriði sem ekki er sérstaklega samið í þessum samningi gilda ákvæði aðalkjarasamnings SA og Starfsgreinasambands Íslands.

2. gr

Laun

2.1. Kauptaxtar á samningstímabilinu.

	1.4.2019	1.4.2020	1.1.2021	1.1.2022
Byrjunarlaun	343.415	365.415	388.415	411.415
Eftir 1 ár í starfsgrein	346.857	368.857	392.857	416.857
Eftir 3 ár í starfsgrein	350.352	373.352	397.352	422.352
Eftir 5 ár í starfsgrein eða SF námskeið	364.866	388.866	414.866	440.866
Eftir 3 ár í starfsgrein með SF námskeið	378.050	403.050	430.050	457.050
Eftir 5 ár hjá fyrirtæki með SF námskeið	382.005	408.005	435.005	463.005
Eftir 3 ár í starfsgrein með SF og viðbótarnámskeið	384.991	411.991	438.991	465.991
Eftir 5 ár í starfsgrein með SF og viðbótarnámskeið	389.014	417.014	444.014	471.014
Eftir 5 ár í fyrirtæki með SF og viðbótarnámskeið	398.916	423.916	449.916	476.916

Vaktabónus skv. gr. 3.12. í kjarasamningi verður á klukkustund kr. 190 frá 1. apríl 2019, kr. 195 frá 1. apríl 2020, kr. 210 frá 1. janúar 2021 og kr. 220 frá 1. janúar 2022. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á vaktabónus sem er hærrí en hér er um samið.

Umsamin launabreyting í kjarasamningi þessum miðast við gildistíma aðalkjarasamnings Drifanda stéttarfélags og SA. Eftir það tímamark og til ársloka 2024 verður tenging við launataxta fiskvinnslufólks þannig að launataxtar og aðrir launaliðir í kjarasamningi taki sömu breytingum og mánaðarlaunataxtar fiskvinnslufólks skv. kjarasamningi, að teknu tilliti til hækkunar bónuss skv. reiknitölu ákvæðisvinnu. Skal vegin saman hækkun hæsta mánaðarlaunataxta fiskvinnslufólks (nú 9. launaflokkur e. 5 ár) og hækkun reiknitölu vegna álagsgreiðslna fiskvinnslufólks. Skal miða við að mánaðarlaun fyrir dagvinnu vegi 80% og bónus 20%. Hækkun launa mun miðast við sömu tímasetningar og í almennum kjarasamningum fram til ársloka 2024.

Aðilar munu í upphafi árs 2025 taka upp viðræður um framlengingu samningsins. Aðilar eru sammála um að launabreyting starfsmanna sem taki laun skv. samningi þessum muni gilda frá sama tíma og umsamin launabreyting árið 2025 í almennum kjarasamningi SA og Drifanda stéttarfélags, þó eigi síðar en 1. maí 2025.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SF" and "V.p. 2025".

- 2.2 Starfsaldur miðast við starfsreynslu í fiskimjölsverksmiðjum, en þó skal meta starfsreynslu í viðkomandi fyrirtæki og reynslu af öðrum störfum í sjávarútvegi þannig að hún sé metin til jafns við starfsreynslu í mjöl- og lýsisvinnslu.

3. gr.

Vaktavinna

- 3.1 Vaktavinna er samkvæmt eftirgreindu vaktafyrirkomulagi.

Vinnutilhögun á 12 tíma vöktum:

Dagvakt kl. 08:00 - 20:00 eða kl. 07:30 - 19:30

Næturvakt kl. 20:00 - 08:00 eða kl. 19:30 - 07:30

- 3.2 Í vaktavinnu skal greiða meðalvakaálag, 36%, á vinnu vaktavinnnumanna hvort sem unnið er á tvískiptum 12 tíma vöktum, tveir hópar, eða tvískiptum 12 tíma vöktum, þrír hópar. Meðalvakaálagið felur í sér vakaálög, skv. gr. 18.3.2 í samningi SGS og SA, og áðurgildandi frívaktarákvæði.

Samkvæmt framangreindu verður tímaskrift í vaktavinnu sem hér segir:

Dagvakt: 8 klst. á dagvinnukaupi + 36%
4 klst. á yfirvinnukaupi.

Næturvakt: 8 klst. á dagvinnukaupi + 36%
4 klst. á yfirvinnukaupi.

Fyrir hverja skiptivakt (6 klst vakt) skal vaktmaður sem ekki fær lágmarkshvöld, sbr. gr. 4. mgr. gr. 2.4.2 í aðalkjarasamningi, fá 3 klst. (2*1,5) í dagvinnu í frítökurétt.

- 3.3 Öll vinna vaktavinnnumanna umfram 40 klst. á viku skal greidd með yfirvinnukaupi. Miðað er við 8 klst. á vakt, hámark 40 klst. á viku að meðtalinni dagvinnu við önnur störf í sama fyrirtæki. Vinnuvikan hefst með dagvakt á mánudegi og lýkur með næturvakt á sunnudegi. Yfirvinnu skal skipt sem jafnast milli starfsmanna. Trúnaðarmaður á rétt á að fá skýrslu um skiptingu yfirvinnu milli starfsmanna síðustu launatímabil.
- 3.4 Starfsmenn skulu mættir vinnuklæddir á vinnustað við vaktaskipti og er óheimilt að yfirgefa vinnustað fyrir en viðtakandi vaktmaður hefur tekið við vaktinni og þeir hafa skipst á nauðsynlegum upplýsingum um stöðu vinnslunnar. Endurgjald, sem áður var greitt vegna þessarar kvaðar, hefur verið fellt inn í launataxta. Óski vaktstjóri eftir því að starfsmenn séu við vinnu lengur en hér að ofan er gert ráð fyrir skal greidd yfirvinna skv. skráningu stimpilklukku, enda staðfesti vaktstjóri að óskað hafi verið eftir lengri viðveru.
- 3.5 Gerð skal vaktskrá fyrir einn mánuð eða hvert vinnslutímabil í senn og skal hún hanga uppi þar sem starfsmenn eiga greiðan aðgang að henni. Vaktskrá sýnir daglegan vinnutíma þegar unnið er á vöktum. Vaktskrá skal samin í samráði við trúnaðarmann starfsmanna.
- 3.6 Þegar vaktir eru teknar upp virka daga skal miðað við að starfsmenn séu boðaðir með minnst 8 klst. fyrirvara, en minnst 12 klst. fyrirvara um helgar. Ef vakt er boðuð með skemmri fyrirvara skulu greiddar 10.000 kr. (frá 1. nóvember 2019) aukalega til þeirra vaktavinnnumanna sem vinna viðkomandi vakt. Boðun telst fullgerð þegar fyrst er reynt að ná sambandi við viðkomandi starfsmann. Gjald

Ad.
S.E.
2
L. Y. P. SU
JK

Þetta hækkar um 2,5% árlega árin 2020 – 2024 m.v. sömu tímasetningar og launabreytingar skv. gr. 2.1.

- 3.7 Tilkynna skal fyrirsjáanleg vaktaslít (vaktstopp) með a.m.k. 12 klst. fyrirvara. Vaktaslít miðast við að allt hráefni hafi farið í gegnum þurrkara og greiðist þá heil vakt enda gangi starfsmenn þá til þeirra starfa sem þeim eru falin af viðkomandi yfirmanni.

Starfsmenn sem vinna á skipti- og næturvöktum og í tímavinnu í dagvinnu í sömu vinnuviku skulu fá greiddar 4 eða 8 klst. dagvinnu þann dag sem næturvöktum er slitið (mánudaga-föstudaga), enda nái samanlagður unninn dagvinnutími að öðrum kosti ekki 40 klst. yfir vinnuvíkuna (mánudegi-sunnudags).

Það skilyrði fylgir þessu ákvæði að starfsmenn vinni tilfallandi störf í fyrirtækinu á umræddu tímabili, nema lögmæt forföll hamli, svo sem veikindi, vikulegur frídagur sem fellur á virkan dag og frítaka með samþykki verkstjóra. Sama gildir ef starfsmaður sinnir störfum fyrir fyrirtækið í öðrum deildum þess eða á þess vegum. Ef vaktir eru teknar upp á sunnudegi í lok vinnuviku og starfsmenn uppfylla ofangreind ákvæði, skal vaktavinnu á sunnudegi undanskilin ofangreindu ákvæði um 40 klst. vinnuskil.

Ef vaktir eru skipulagðar með skiptivaktardegum (tvískiptar vaktir) og starfsmenn uppfylla ofangreind ákvæði, skal vaktavinnu um helgi undanskilin ofangreindu ákvæði um 40 klst. vinnuskil. Helgi er 48 klst. tímabil sem nær a.m.k. til tímabilsins frá kl. 07:30 / 08:00 á laugardagsmorgni til kl. 24:00 á sunnudagskvöldi.

- 3.8 Ef starfsmenn eru fengnir til að vinna aukavaktir, skal vöktunum ekki skipt, heldur greiða þær eins og um heilar vaktir væri að ræða. Þó skal mönnum heimilt að skipta með sér vakt. Allar aukavaktir skulu greiddast með yfirvinnukaupi.
- 3.9 Óski verksmiðjustjóri þess að starfsmaður leysi vaktformann af skal starfsmaðurinn fá staðgengilslaun fyrir afleysingartímann.
- 3.10 Vöktum sé að jafnaði slitið eigi síðar en kl. 20:00 þann 22. desember og hefjist ekki aftur fyrr en kl. 08:00 þann 27. desember. Þá sé vöktum einnig slitið kl. 12:00 þann 31. desember og hefjist ekki aftur fyrr en kl. 08:00 þann 2. janúar, nema brýna nauðsyn beri til. Sé vaktavinnu unnin um páskahelgina, frá skírdegi til annars í páskum og 1. maí, skal fyrirtæki verða við ósk starfsmanns um frí á þeim tíma.
- 3.11 Unnt er með samkomulagi milli starfsmanna og stjórnenda að setja á 8 klst. vaktir.
- 3.12 Á vöktum eða þegar brætt er utan vakta fá starfsmenn greiddan kaupauka – vaktabónus. Greiddar eru á klukkustund kr. 190 frá 1. apríl 2019, kr. 195 frá 1. apríl 2020, kr. 210 frá 1. janúar 2021 og kr. 220 frá 1. janúar 2022. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á vaktabónus sem er hærrí en hér er um samið.
- 3.13 Starfsmenn í mjöl- og lýsisvinnslu sem færast tímabundið í störf í viðkomandi fyrirtæki, þar sem unnið er eftir öðru launakerfi, skulu halda óbreyttum launum pr. klst. séu launin lægri, en reynist launin hærrí í hinu tímabundna starfi, að meðtöldum bónus- og álagsgreiðslum, m.v. sama starfsaldur skulu hærrí launin pr. klst. gilda.

Ef starfsmenn ganga vaktir í sömu vinnuviku skulu dagvinnustundir við önnur störf í fyrirtækinu, mánudaga til föstudaga, teljast með við útreikning á því hvenær yfirvinna hefst að loknum fullum vinnuskilum, 40 klst., í vaktavinnu.

3
LRA
S.E.
SK

4. gr.

Neyslúhlé í vaktavinnu

4.1 Neyslúhlé á hverri 12 stunda vakt eru sem hér segir:

Dagvakt: Eitt 30 mín. neyslúhlé á hverju eftirfarandi tímabila: 10:00-12:00, 13:00-15:00 og 16:00-18:00.

Næturvakt: Eitt 30 mín. neyslúhlé á hverju eftirfarandi tímabila: 22:00-24:00, 01:00-03:00 og 04:00-06:00.

Heimilt er að haga neyslúhléum með öðrum hætti enda náist um það samkomulag milli starfsmanna og stjórnenda á vinnustað. Starfsmenn skiptast á að taka neyslúhlé og eru þau sveigjanleg og miðast eftir því sem unnt er við að valda sem minnstri röskun í vinnslunni. Sérstakt endurgjald, sem áður var greitt fyrir vinnuskyldu í neyslúhléum, hefur verið fellt inn í launataxta, en ákvæðið um vinnuskyldu í neyslúhléum er að öðru leyti óbreytt.

5. gr.

Frí í stað vinnu

5.1 Með samkomulagi starfsmanna og vinnuveitenda geta starfsmenn safnað allt að 5 frídögum á ári vegna yfirvinnu á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið sé greitt. Þeir sem vilja nýta sé þennan rétt skulu í samráði við vinnuveitanda ákveða hvenær frí skal tekið.

6. gr.

Um vinnuföt

- 6.1 Öllum verkamönnum sem vinna í fiskimjölsverksmiðjunni skal séð fyrir hlífðarfátnaði og vinnufátnaði (buxur og skyrta) í samræmi við störf þeirra þeim að kostnaðarlausu, enda sé hann eign fyrirtækisins.
- 6.2 Vinnuveitendur gera þá kröfu til starfsmanna að þeir noti öryggisskó þar sem hættu er á slysum í fiskimjölsverksmiðjunni og við aðstæður þar sem þeirra er þörf enda leggur fyrirtækið til eitt par á ári af viðurkenndum öryggisskóm og eru þeir eign fyrirtækisins.
- 6.3 Útivistnumenn og þróarmenn skulu fá vatnsheldan hlífðarfátnað og/eða kuldagalla/úlpu og skal hann endurnýjaður eftir þörfum. Verkamenn sem vinna með skaðleg efni, eða við óþrifaleg störf skulu fá gúmmihanska eftir þörfum.
- 6.4 Ónothæfum hlífðarfátnaði skal skila fyrir nýjan. Við starfslok skal verkamaður standa skil á öllum vinnufátnaði.

7. gr.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi

7.1 Vegna þeirrar hættu skapast getur vegna rotnunar hráefnis skulu ferskloftsgrímur og líflínur vera til staðar sem næst hráefnisgeymum eða öðrum áhættusvæðum.

Viðkomandi yfirmönnum ber að sjá til þess að starfsmenn kunni að nota umræddan búnað.

- 7.2 Við hreinsun eða aðra vinnu inni í tönkum skulu af öryggisástæðum aldrei vera færri en tveir menn og skal þá a.m.k. einn maður vera utan tanksins.
- 7.3 Í hverri fiskimjölsverksmiðju skulu vera steypiböð til afnota fyrir starfsfólk. Einnig skal hver starfsmaður hafa til afnota skáp til geymslu á fatnaði og persónulegum munum.
- 7.4 Þar sem vinnuskilyrðum er svo háttáð (vegna hita, hávaða eða þvíumlíks), skal starfsmönnum sköpuð viðhlítandi hvíldaraðstaða telji Vinnueftirlit ríkisins það nauðsynlegt.
- 7.6 Þar sem löndun fer fram skal vera til staðar upphitað skýli, sem löndunarmenn hafa greiðan aðgang að.

8. gr.

Viðmiðunartímabil vegna hámarksvinnutíma

- 8.1 Viðmiðunartímabil við útreikning á hámarki vikulegs vinnutíma, sbr. samning SA og landssambanda ASÍ um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma dags. 30. 12. 1996, skal vera 12 mánuðir, janúar til desember. Þó er heimilt að miða við tímabilið 1. júní til 31. maí ár hvert í stað almanaksársins.

9. gr.

Afgreiðsla sérkjarasamnings og samningsforsendur

Atkvæði verða greidd um samning þennan meðal þeirra starfsmanna sem starfa í fiskimjölsverksmiðjum á félagssvæði Drífanda stéttarfélags og Verkalýðsfélags Þórshafnar.

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á launalið almennra kjarasamninga á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl sl. verði sagt upp og samið um meiri hækkun launa munu aðilar taka upp viðræður um breytingu á launalið samnings þessa.

Vestmannaeyjum, 6. desember 2019

F.h. Drífanda stéttarfélags

*Sam Guðmundur
Einarsson
Vignarinn Þorkelsson*

F.h. Verkalýðsfélags Þórshafnar, skv. umboði.

Sam Guðmundur

F.h. Samtaka atvinnulífsins

*Sam Guðmundur
Snefri Vidarsson
Kjira Bj.
Ari Þór Þorsteinsson*

Bókun vegna neyslhléa

Aðilar eru sammála um að greiðsla fyrir sveigjanleg neyslhlé og tilfallandi vinnu í neyslhléum sé innifalin í kauptöxtum. Ef vinna er hins vegar skipulögð á þann hátt að starfsmenn eiga almennt ekki kost á að taka að fullu þau neyslhlé sem kjarasamningurinn kveður á um þá skuli koma greiðsla fyrir.

Bókun 2019

Fulltrúar fiskmjölsverksmiðja og Drifanda stéttarfélags og Verkalýðsfélags Þórshafnar munu á samningstímabilinu hefja viðræður um launakerfi starfsmanna fiskmjölsverksmiðja og verði þar horft til ákvæða og bókunar í almennum kjarasamningi Drifanda stéttarfélags og Verkalýðsfélags Þórshafnar um nýtt launakerfi. Útgangspunkturinn er að skapa grunn fyrir launasetningu út frá eðli starfsins og hæfni starfsmanna.

Kerfið byggi á fimm meginþáttum og innan hvers þeirra eru nánari viðmið. Flokkanir og dæmi um möguleg þrep í hverjum flokki er:

Starfstengdir þættir

- *Hlutverk.* Viðmið í þessu þætti eru t.d. eðli starfs og staða á vinnustað, verkstjórn, umsjón með þjálfun og móttöku nýrra starfsmanna.
- *Ábyrgð.* Ábyrgð á verkefnum, fólki, vélum, tækjum o.fl.
- *Sjálfstæði.* Krafa um sjálfstæði í starfi, sem getur tengst starfinu í heild eða einstökum þáttum þess.

Einstaklingsbundnir þættir

- *Reynsla og þekking.* Viðbótarþekking, reynsla og þjálfun sem nýtist í starfi. Almennir hæfniþættir s.s. samskiptahæfni, frumkvæði og sveigjanleiki.
- *Almennir hæfniþættir.* Samskiptahæfni, frumkvæði, sveigjanleiki o.fl.

Samhliða verða endurskoðuð ákvæði kjarasamnings sem ætlunin er að nýtt launakerfi muni ná yfir.

Vestmannaeyjum, 6. desember 2019

Bókun um fæðismál vaktavinnumanna í fiskmjölsverksmiðjum

Aðilar eru sammála um að eðlilegt sé að verksmiðjurnar komi til móts við þarfir starfsmanna varðandi létt fæði meðan unnið er á vöktum í verksmiðjunum, þó eftir aðstæðum á hverjum vinnustað.

Verksmiðjustjóri hafi samráð við trúnaðarmann á hverjum stað um fyrirkomulag, en nokkrar verksmiðjur hafa nú þegar komið á móts við starfsmenn í þessum efnunum.



Samkomulag
SF – námskeið fyrir starfsmenn í mjöl- og lýsisvinnslu

Starfsmenn sem hafa unnið þrjá mánuði eða lengur hjá fyrirtækjum í mjöl- og lýsisvinnslu skulu á næstu níu mánuðum eiga rétt á að sækja sérstök starfsfræðslunámskeið. Markmið námskeiðanna er að auka þekkingu starfsmanna og gera þá hæfari til starfa í fiskmjöls-verksmiðjum.

SF-námskeiðin eru haldin á vegum Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar í samstarfi við fyrirtæki sem aðild eiga að samningi þessum og skulu fara fram á tímum sem hentar starfssemi fyrirtækjanna.

SF- Námskeiðin verða samtals 40 klst. bóklegar einingar sem hægt verður að taka í tveimur 20 klst. námslotum. Starfsmenn sem ljúka að fullu nýjum 40 klst. SF-námskeiðum hækka um tvo launaflokka, annars um einn launaflokk eftir hvorn námshluta og skiptir ekki máli hvort hlutinn er tekinn á undan. Starfsmenn í fiskmjölsverksmiðjum skiptast í 3 launaflokka. Í 1. flokki eru almennir starfsmenn, í 2. flokki eru starfsmenn sem lokið hafa eldri SF námskeiðum, eða fyrrihluta nýrra námskeiða og 3. flokki þeir sem lokið hafa eldri SF námskeiðum og viðbótarnámskeiðum eða nýjum SF námskeiðum.

Ný SF námskeið verða eftirfarandi:

- Hráefnið, vinnsluferlið og framleiðslan
- Vinnslubúnaður, orka og efnisflæði
- Öryggi framleiðslunnar, gæðakerfi og innra eftirlit
- Hreinlæti og helstu örverur í sjávafurðum

Neðangreind fimm námskeið skulu tekin samhliða námskeiðum fiskvinnslufólks eða viðkomandi fyrirtækis. Hægt að breyta einstaka námspáttum og meta fullgild sambærileg námskeið á vegum viðkomandi fyrirtækis.

- Vinnuaðstaða og líkamsbeiting SF-02
- Öryggi á vinnustöðum SF-03
- Samstarf og samskipti á vinnustað SF-07
- Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin SF 06
- Sjálfstyrking SF 11

Samtals 40 klst. bóklegt námsefni (20+20 klst.)

Ef þátttakendur eru færri en átta á SF - námskeiðum má sameina námskeiðshópa víðsvegar af landinu með fjarkennslu í gegnum fjarkennslubúnað.

Reykjavík, 25. febrúar 2014



Yfirlýsing

Í tengslum við undirritun sérkjarasamnings milli Drífanda stéttarfélags Vestmannaeyjum og Verkalýðsfélags Þórshafnar annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar vegna starfsmanna í fiskimjölsverksmiðjum, lýsir Vinnslustöðin hf. því yfir að þegar upp koma þær aðstæður að starfsmenn eiga ekki kost á að taka þau sveigjanlegu neysluhlé sem kjarasamningur kveður á um þá skuli koma greiðsla fyrir.

Þau neysluhlé sem um ræðir eru 30. mín. á hverju eftirfarandi tímabila, alls 1,5 tímar á vakt:

Dagvakt kl. 10:00 – 12:00, 13:00 – 15:00 og 16:00 – 18:00

Næturvakt: kl. 22:00 – 24:00, 01:00 – 03:00 og 04:00 – 06:00

Skal starfsmaður upplýsa vaktformann án tafar um unnið / unnin neysluhlé og eigi síðar en í lok vaktar. Vaktformaður mun í kjölfarið upplýsa verkstjóra í fiskimjölsverksmiðjunni um unnin neysluhlé sem verða skráð í tímaskráningakerfi félagsins sem starfsmaður hefur aðgang að.

Vestmannaeyjum 6. desember 2019

f.h. Vinnslustöðvarinnar

Kýja Bj.

VSV
VESTMANNAEYJAR
ICELAND

Ómelti Viðarsson